

# ÚTHLUTUNARREGLUR

## Fornleifasjóðs.

### 1. gr.

#### *Hlutverk Fornleifasjóðs.*

Fornleifasjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornleifum og forngrípum.

### 2. gr.

#### *Úthlutanir úr Fornleifasjóði*

Stjórn Fornleifasjóðs úthlutar styrkjum til eftirtalinna verkefna:

1. Rannsóknir:

- a. Til grunnrannsókna í fornleifafraði, forvörslu og minjaverndar.
- b. Til forvarna og rannsókna á minjastöðum, sem eru í uppnámi vegna náttúruafla.
- c. Til rannsókna og fornleifaskráningar á vegum aðila, sem þjóðminjalög skylda til slíkra verkefna.

2. Varðveisla:

Til varðveislu, aðgengis og kynningar á minjastöðum, sem friðaðir eru skv. þjóðminjalögum.

3. Annað:

Önnur verkefni en þau, sem þegar hafa verið talin og stjórn Fornleifasjóðs metur styrkhæf hverju sinni.

Stjórn Fornleifasjóðs ákveður hverju sinni í auglýsingu til hvaða verkefna styrkir skuli veittir. Við mat á umsóknum leitar stjórnin umsagnar fagaðila, þegar hún telur þess þörf.

Styrkjum er úthlutað til ákveðins tíma hverju sinni. Nýti styrkþegi ekki styrk innan þess tíma, fellur styrkurinn niður, nema sérstaklega sé sótt um frestun hans. Umsókn um frest skal vera skrifleg og rökstudd.

Ákvörðun stjórnar Fornleifasjóðs um styrkveitingu og upphæð styrks er endanleg og ekki kæránleg.

### 3. gr.

#### *Auglýsing um styrki úr Fornleifasjóði.*

Stjórn Fornleifasjóðs auglýsir eftir umsóknum um styrki í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti. Að jafnaði skal úthlutað úr sjóðnum tvisvar á ári.

### 4. gr.

#### *Almennt um umsóknir.*

Umsóknir skulu bera greinilega með sér til hvers og hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum. Þeim skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

1. Upplýsingar um umsækjanda/umsækjendur.
2. Nafn þess, er annast samskipti við stjórn sjóðsins.
3. Nákvæm lýsing verkefnisins ásamt tíma- og kostnaðaráætlun.
4. Uppdrættir.
5. Sögulegar upplýsingar og lýsingar á núverandi ástandi, svo sem um þörf forvarna og björgunarrannsókna.
6. Ljósmyndir.

5. gr.

*Eftirlit stjórnar Fornleifasjóðs.*

Stjórn Fornleifasjóðs hefur eftirlit með því, að styrkir séu notaðir til þess, sem getið var í umsóknum. Styrkþegum er skylt að kynna fulltrúa stjórnarinnar stöðu verksins, sé þess óskað og afhenda stjórninni umbeðin gögn henni að kostnaðarlausu. Stjórnin getur óskað eftir áfangaskýrslum, ef þurfa þykir. Hægt er að svipta umsækjanda styrk, telji stjórnin, að verkið sé ekki unnið í samræmi við umsókn og innsend gögn.

Að verkefni loknu kynnir styrkþegi árangur og niðurstöður fyrir nefndinni með skriflegri skýrslu.

6. gr.

*Gildistaka.*

Úthlutunarreglur þessar eru settar skv. heimild í 24. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 14. janúar 2003.*

**Tómas Ingi Olrich.**

---

*Guðmundur Árnason.*